

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 16. október 2023.

Umsögn þingsályktun um lagningu heilsársvegar í Árneshreppi Mál 134, 154. löggjafarþing

Vestfjarðastofa vinnur þessa umsögn fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Stjórnvöld hafa á síðustu misserum markað stefnu um að stuðla eigi að búsetufrelsi s.s. í stefnumörkun í málefnum sveitarfélaga, húsnæðismálum, byggðamálum og samgöngumálum.

Landfræðilegar aðstæður og tenging Árneshrepp við aðra hluta landsins eru um margt líkar samgöngum við Grímsey, Vestmannaeyjar og Mjóafjörð. Til þessara staða eru tryggðir í dag flutningar árið um kring með þungavörur og almennan farþegaflutning. slíkt tryggir búsetufrelsi íbúa þessara staða, eins ætti að vera með Árneshrepp.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vísar síðan til ályktunar 68. Fjórðungsþing Vestfjarða að hausti sem haldið var þann 6. og 7. október s.l., þar sem ályktaði um samgöngumál á Vestfjörðum og fylgir ályktunin ásamt greinargerð með þessari umsögn¹. Ályktunin er sem hér segir

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 bendir á að markmið stjórnvalda í samgöngumálum eru jákvæð en verulega vanfjármögnuð. Þingið beinir því til yfirvalda samgöngumála að skoðaðar verði nýjar fjármögnunarleiðir til að jafna samkeppnisstöðu Vestfjarða í samgöngumálum.

Fjórðungsþing beinir því til stjórnvalda að auka þegar á árinu 2023 fjármagn til vetrarþjónustu og viðhalds vega á Vestfjörðum til að bæta ásýnd Vestfjarða til búsetu, fjárfestinga og heimsókna.

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti er hlynnt gjaldtöku nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

og í greinargerð með ályktunni er fjallað um heilsárstengingu vegar í Árneshrepp.

Nýframkvæmdum á tengivegum þ.e. Strandavegi 643, Veidileysuháls er einnig frestað um hið sama og er nú frestað í þriðja sinn frá 2014. Umhverfismati er nær lokið og áætlun um kostnað liggur fyrir. Samkvæmt markmiðum verkefnisins Áfram Árneshreppur sem er hluti af verkefnum í Brothættum byggðum, þá er framkvæmdin lykilatriði í uppbyggingu samfélagsins í Árneshreppi. Gerð er krafa um að verkefninu verði ekki frestað.

1

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir sig reiðubúið að koma á fund umhverfis og samgöngunefndar til að ræða efni umsagnar.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar